

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ v. skýrslu dómara úr leik Fylkis gegn FH 27. febrúar 2026

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, þann 10. mars 2026, var tekið fyrir mál FH sem er tilkomið vegna skýrslu dómara frá ofangreindum leik. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði sem koma fram í skýrslu dómara. Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Samkvæmt skýrslu dómara var leik hætt vegna þess að lið FH mætti ekki til leik í seinni hálfleik. Dómari greinir frá því að hann hafi stöðvað leik á 33. mínútu leiksins vegna úrkomu og þess að aðstæður hafi ekki verið ákjósanlegar til knattspyrnuíðkunar. Dómarateymið kveðst hafa metið best að klára fyrri hálfleik og endurmeta aðstæður í hálfleik. Þjálfurum beggja liða var kynnt að staðan yrði endurmetin í lok hálfleiks og ákvörðun þá tekin um framhald leiksins. Starfsmenn Fylkis mokuðu völlinn og að sögn dómara var tekin ákvörðun um að lengja hálfleikinn til að gera þeim kleift að klára verkið í því skyni að ljúka leiknum. Er dómarateymið flautaði liðin út í síðari hálfleik mætti aðeins Fylkir til leiks. Að sögn dómara var ekki frost í vellinum.

FH skilaði greinargerð í málinu þar sem vísað er til þess að aðstæður hafi ekki verið boðlega til knattspyrnuíðkunar. Félagið kveðst hafa óskað eftir að færa leikinn vegna slæmrar veðurspár en því hafi verið hafnað af Fylki. Staðhæfingum dómara um aðstæður er hafnað af hálfu FH og kveður félagið óskiljanlegt að leiknum hafi ekki verið frestað.

Niðurstaða:

Samkvæmt c-lið gr.13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál segir:

„Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsast með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum liðsins og/eða sekt að lágmarki upphæð kr. 250.000 og allt að kr. 500.000. Sé brot framið í öðrum flokki en í meistaraflokki skal sekt vera að lágmarki kr. 150.000 og að hámarki kr. 250.000.“

Reglugerðir KSÍ gera ráð fyrir því að það sé dómari, eftir atvikum mótanefnd KSÍ, sem taki ákvörðun um frestun leikja vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra ástæðna. Ekkert er fram komið sem að mati aga- og úrskurðarnefndar hnekkir mati dómara eða réttlætir þá háttsemi að mæta ekki til leiks. Með vísan til alls framangreinds telur nefndin að FH hafi brotið gegn c-lið gr. 13.9 með því að neita að halda áfram leik. Samkvæmt orðum ákvæðisins er lágmarkssekt kr. 250.000,-.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild FH skal sæta sekt að fjárhæð kr. 250.000,- til KSÍ.

Reykjavík 11. mars 2026

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ